

Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis
b/t Árna Davíðssonar, Þverholti 3,
270 Mosfellsbæ.

Reykjavík 14.09.2020

Efni: Ósk um frest á hreinsun á svæði Vöku hf., björgunarfélags að Leirvogstungumelum.

Vaka hf., björgunarfélag (Vaka) hefur unnið mikið verk í hreinsun á Leirvogstungumelum, það hefur því miður gengið hægar en lagt var upp með en betri lýsing er á stöðunni hér að neðan. Útskipun er áætluð um miðjan október og ætlum við okkur að nýta tækifærið og klára tiltektina á Leirvogstungumelum. Ég óska því eftir frest til að klára þetta hreinsunarverkefni til 31. október n.k.

Undirritaður tók við stöðu framkvæmdastjóra Vöku hf. þann 1. júlí s.l. og er það mín stefna að að vinna náði með og í góðu samstarfi við Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis ásamt bæjaryfivöldum Mosfellsbæjar að því að gera þessa landareign Vöku snyrtilega. Vaka ætlar sér að uppfylla þær kröfur sem lúta að almennum starfsleyfisskilyrðum fyrir starfsemi sem valdið getur mengun sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum.

Svæði 1. Neðra geymslusvæði

Hreinsun verður endanlega lokið fyrir 31. október n.k.

- Öll minni ökutæki þ.e. fólksbílar, jepplingar, kerrur og vagnar hafa verið fjarlægð.
- Allt laust rusl s.s. gler, plast o.fl. ásamt olíublettum hefur að mestu leiti verið hreinsað upp og verður skilað til Sorpu.
- Stærri ökutæki þ.e. flutningabílar, vagnar ásamt óskemmdum gámum hefur að mestu verið raðað snyrtilega upp.

Svæði 2. Efra geymslusvæði

Hreinsun verður endanlega lokið fyrir 31. október n.k.

- Öll minni ökutæki þ.e. fólksbílar, jepplingar, kerrur, vagnar hafa verið fjarlægð. Lyftarar ásamt ónýtum gámum verða hreinsaðir af svæðinu.
- Rusl s.s. gler, plast o.fl. ásamt olíublettum hefur að mestu leiti verið hreinsað og verður skilað til Sorpu.
- Stærri ökutæki þ.e. flutningabílar verður raðað snyrtilega upp á svæði 1.

Svæði 3. Svæði meðfram vegi

- Svæðið hefur verið hreinsað að fullu

Svæði 4. Gamla námugryfjan við hliðina á Mótomos

Þetta svæði er óbreytt, lokið verður við að hreinsa þetta svæði fyrir 31. október n.k.

- Efni verður flokkað og sent til útflutnings
- Efni sem ekki fer í útflutning verður flokkað og sent til viðurkennds förgunaraðila.
- Gámar verða fjarlægðir og raðað snyrtilega upp á svæði 1.

Virðingarfyllt,



Reynir Þór Guðmundsson
Framkvæmdastjóri